

**3180. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
12. maí 2016 og hófst hann kl. 16:30**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Adolfsson formaður, Valdís Eyjólfssdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnarfulltrúi, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1603032 - Fundargerðir 2016 - Samband ísl. sveitarfélaga**

838. fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. apríl 2016.

*Lögð fram.*

**2. 1601444 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2016**

670. mál um meðhöndlun úrgangs og ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjavörur.

673. mál um breytingar á lögum um Vatnajökulsþjóðgarð.

*Lögð fram.*

**3. 1502210 - Fjárhagsáætlun 2016**

Fjármálastjóri Akraneskaupstaðar situr fundinn undir þessum lið.

Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2016.

Unnið er að endurskoðun fjárhagsáætlunar með tilliti til breytinga á launum - og lífeyrisskuldbindingu vegna kjarasamninga sem gerðir voru í lok árs 2015 og á vormánuðum 2016.

*Lagt fram.*

**4. 1501150 - Flóasiglingar**

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs situr fundinn undir þessum lið.

Lagt fram bréf frá innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar og fulltrúa Akraness um Flóasiglingar.

*Bæjarráð samþykkir að hafna fyrirliggjandi tilboðum í siglingar á milli Reykjavíkur og Akraness. Jafnframt samþykkir bæjarráð að endurskoða útboðsskilmála vegna Flóasiglinga og skal þeirri vinna vera lokið þann 15. ágúst næstkomandi.*

*IV fer af fundi að lokinni afgreiðslu þessa máls og tekur ekki þátt í afgreiðslu mála sem á eftir koma.*

*RA/ OA*

**5. 1605087 - Asparskógar 24 - umsókn um byggingarlóð**

Umsókn Uppbyggingu ehf. um byggingarlóð að Asparskóginum 24.

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs situr fundinn undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar að Asparskóginum 24 til umsækjanda að fullnægðum skilyrðum varðandi greiðslu umsóknar- og staðfestingargjalds.

**6. 1410218 - Krókalón - fyrirspurn vegna bóta**

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs situr fundinn undir þessum lið.

Erindi frá Lögmönnum Laugardal.

Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar bæjarráðs.

**7. 1603074 - Vinnuskóli Akraness 2016**

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs situr fundinn undir þessum lið.

Erindi rekstarstjóra Vinnuskólans á Akranesi um launataxta fyrir vinnu 14-16 ára unglingsum sumarið 2016.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkti tillögu rekstrarstjóra um breytta launataxta á fundi sínum þann 14. mars sl.

Bæjarráðs samþykkir launakjör unglings í Vinnuskóla Akraneskaupstaðar vegna ársins 2016 en útgjöldin eru í samræmi við fjárhagsáætlun ársins.

**8. 1605054 - Samband ísl. sveitarfél. - könnun á kjörum sveitarstjórnarmanna og framkvæmdastjóra sveitarfélaga 2016**

Skýrsla frá hag- og upplýsingasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga um kaup og kjör sveitarstjórnarmanna og þeirra sem starfa í nefndum á vegum sveitarfélagsins.

Lögð fram.

**9. 1604226 - Heimild til ráðningu leikskólakennara**

Bæjarráð vísaði á fundi sínum þann 28. apríl erindi skóla- og frístundasviðs um heimild til ráðningar leikskólakennara í leikskólanum Vallarseli í skóla- og frístundaráðs til frekari umfjöllunar. Skóla- og frístundaráð fjallaði um málið á fundi sínum þann 12. maí.

Bæjarráð samþykkir að ráðið verði í tvö stöðugildi leikskólakennara á Vallarsel frá 1. ágúst næstkomandi í stað tveggja stöðugilda starfsmanna á leikskóla.

Fjárhæðinni, kr. 2.084.000, verður ráðstafað af liðnum óviss útgjöld 20830-4995.

Gert verður ráð fyrir þessum breytingum á stöðugildum í leikskólanum Vallarseli í fjárhagsáætlun vegna ársins 2017.

**10. 1605051 - Vallarbraut - ósk um úrbætur**

Erindi til bæjarráðs um gerð göngu og hjólastígs samkvæmt gildandi deiliskipulagi norðan við Vallarbraut 2.

Bæjarráð vísar erindinu til skipulags- og umhverfisráðs.

RA' / OA  
36

**11. 1604038 - Spölur - fyrirspurn**

Akraneskaupstaður sendi fyrirspurn til Spalar í kjölfar spurninga um starfsemi Spalar sem komu upp á bæjarstjórnarfundi þann 22. mars síðastliðinn. Fyrir liggur svarbréf Spalar.

*Lagt fram.*

**12. 1605072 - Café Kaja, Kirkjubraut 54 - rekstrarleyfi**

Erindi sýslumannsins á Vesturlandi þar sem óskað er umsagnar Akraneskaupstaðar vegna umsóknar Kaja organic ehf. um rekstarleyfi fyrir kaffihús í flokki I, sem reka á að Kirkjubraut 54.

*Bæjarráð samþykkir umsóknina með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.*

**13. 1605019 - Uppbygging ferðamannastaða**

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um landsáætlun um uppbyggingu ferðamannastaða og greiningu á aðstæðum

*Bæjarráð samþykkir að óska liðsinnis Markaðsstofu Vesturlands við upplýsingaöflun vegna erindisins.*

**14. 1605023 - HB Grandi - arður**

Arðgreiðsla frá HB Granda vegna ársins 2015 en á aðalfundi HB Granda þann 1. apríl sl. var samþykkt að greiða 1,70 krónu á hlut í arð, samtals kr. 83.096.

*Lagt fram.*

**15. 1601412 - Grundartangi Þróunarfélag ehf.**

Endurskoðun samþykktta um Þróunarfélag Grundatangasvæðis.

*Bæjarráð samþykkir hluthafasamkomulag og samþykktir Þróunarfélags Grundatangasvæðisins.*

**16. 1605022 - Höfði - málefni hjúkrunar- og dvalarheimilisins**

Erindi Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis til Velferðarráðuneytisins um breytingu á dvalarrýmum í hjúkrunarrymi.

*Bæjarráð tekur undir mikilvægi þess að tafarlaust verði orðið við beiðni Höfða um fjölgun hjúkrunarryma og mun fylgja málínu eftir með því að óska eftir fundi með heilbrigðisráðherra um stöðuna.*

**17. 1604183 - Forsetakosningar 2016 - kjördeildarkerfi Þjóðskrár Íslands**

Tilkynning frá Innanríkisráðuneytinu um viðmiðunardag vegna gerðar kjörskrárstofn.

*Lagt fram.*

*OK*

*RA'*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:31.



Vilborg P. Gudbjartsdóttir

Valdis Eijölfssdóttir

Fuglejónig & Leena dottir

Ragna Arnaldsdóttir

Idemar Helgesson